



FJÖLMIÐLANEFND

26. ágúst 2026
Ákvörðun nr. 4/2026

Skráningarskylda hlaðvarpsins Einnar Pælingar

I. Málsvik

Fjölmiðlanefnd barst fyrirspurn þann 4. nóvember 2025 frá stjórnanda hlaðvarpsins Einnar Pælingar þar sem óskað var eftir upplýsingum um hvernig sótt væri um leyfi til hljóðmiðlunar í útvarpi hjá nefndinni. Með erindi þann 5. nóvember 2025 var fyrirspurninni svarað af hálfu Fjölmiðlanefndar og samhliða óskað eftir skráningu hlaðvarpsins hjá nefndinni á grundvelli 14. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 (lög um fjölmiðla). Í erindinu kom fram kom það mat nefndarinnar að hlaðvarpið Ein Pæling teldist fjölmiðill í skilningi laga um fjölmiðla, sbr. skilgreiningar hugtakanna „fjölmiðill“, „fjölmiðlaveita“ og „fjölmiðlaþjónusta“ í 13. – 15. tölul. 2. gr. þeirra.

Með erindi þann 5. nóvember 2025 mótmælti stjórnandi hlaðvarpsins afstöðu nefndarinnar hvað varðar skráningu hlaðvarpsins. Fram kom það mat hans að hlaðvarpið Ein Pæling væri ekki fjölmiðill, enda lyti það engri ritstjórn og engin ritstjórn væri skráð hjá fyrirtækinu. Þetta væri tilgreint oft í hverjum mánuði í þáttum hlaðvarpsins sem væru skoðanapistlar eða viðtöl þar sem skoðanir stjórnanda kæmu fram í samtali við aðra. Þáttastjórnandi starfaði ekki sem blaða- eða fjölmiðlamaður og hefði aldrei gert. Hann skilgreindi sig sem álitsgjafa enda væri um skoðanapistla að ræða í flestum tilvikum. Þáttastjórnandi sjálfur og hlaðvarpið Ein Pæling lyti ekki ritstjórn og því væru skilyrði laga um fjölmiðla ekki uppfyllt og ekki tækt að skrá hlaðvarpið sem fjölmiðil.



FJÖLMIÐLANEFND

II. Málsmeðferð og sjónarmið málsaðila

1.

Málið var lagt fyrir á fundi Fjölmiðlanefndar þann 13. nóvember 2025 og var samþykkt að vinna frummat í málinu vegna meints brots gegn 14. gr. laga um fjölmiðla. Málið var aftur til umræðu á fundi Fjölmiðlanefndar þann 28. janúar 2026 og var ákveðið að veita stjórnanda hlaðvarpsins Einnar Pælingar lokafæri á að sinna skráningarskyldu sinni með fyrrgreindu frummati. Var frummatið sent þann 4. febrúar 2026 og þess óskað að svör bærust eigi síðar en 18. febrúar 2026. Engin svör bárust fyrir þann frest og var erindið því ítrekað þann 20. febrúar 2026 og veittur viðbótarfrestur út 27. febrúar 2026. Jafnframt kom fram í ítrekunarerindi nefndarinnar að bærust ekki svör frá stjórnanda hlaðvarpsins gæti komið til þess að málið yrði tekið til ákvörðunar án þess að sjónarmið hans kæmu fram. Þann 26. febrúar 2026 óskaði stjórnandi hlaðvarpsins eftir fresti til svara til 6. mars 2026 og var umbeðinn frestur veittur.

2.

Þann 5. mars 2026 barst svarerindi fyrir hönd stjórnanda hlaðvarpsins Einnar Pælingar. Í því var frummati Fjölmiðlanefndar þann 4. febrúar 2026 og skráningu hlaðvarpsins hafnað. Kom fram það mat stjórnanda hlaðvarpsins að hann teldist ekki „fjölmiðlaþjónustuveitandi“ í skilningi „15. tölul.“ 2. gr. laga um fjölmiðla. Jafnframt teldist Ein Pæling ekki vera fjölmiðill í skilningi laga um fjölmiðla. Í því sambandi var vísað til eldri skilgreiningar hugtaksins fjölmiðill í 13. tölul. 2. gr. laga um fjölmiðla, áður en henni var breytt með breytingalögum nr. 27/2024, og upptalningar sem finna mátti í ákvæðinu en þar sagði að til fjölmiðla teldust „m.a. dagblöð og tímarit, ásamt fylgiritum þeirra, netmiðlar, hljóð- og myndmiðlar og aðrir sambærilegir miðlar“. Að mati stjórnanda hlaðvarpsins væri sameiginlegt með öllum þeim fjölmiðlum sem taldir væru upp í ákvæðinu að þeir hefðu fast skipulag og fjölda starfsmanna sem sinntu fréttum og fréttatengdu efni og ættu að njóta sjálfstæðis í störfum, sbr. 24. gr. laga um fjölmiðla um ritstjórnarlegt sjálfstæði. Í svarerindinu var því jafnframt hafnað að hlaðvarpið Ein Pæling lyti ritstjórn í skilningi „34. tölul.“ 2. gr. laga um fjölmiðla. Ein Pæling fæli fyrst og fremst í sér spjall og skoðanapistla sem teknir væru upp og gerðir aðgengilegir þeim sem vildu. Slík upptaka og dreifing á viðtölum eða samtölum undir nafni hlaðvarpsins gæti ekki leitt til þess að starfsemin teldist eftirlits- og/eða tilkynningarskyld starfsemi. Þá væri alveg eins hægt að telja hljóðbækur til fjölmiðla. Einnig var því hafnað að hlaðvarpið Ein Pæling væri hlaðvarp í skilningi „21. tölul.“ 2. gr. laga um fjölmiðla. Ein Pæling byði ekki upp á dagskrárliði í skilningi 5. tölul. 2. gr. laga um fjölmiðla sem mynduðu



FJÖLMIÐLANEFND

dagskrá sem félli undir skilgreiningu 4. tölul. 2. gr. laganna sem síðan væri hægt að bjóða almenningi til niðurbætur í heild eða að hluta í formi hljóðskráa. Í svarerindinu var bent á að Fjölmiðlanefnd væri bundin af skilgreiningum laga um fjölmiðla á einstökum hugtökum sem notuð væru í lögnum. Þau hugtök yrði að túlka samkvæmt orðanna hljóðan og í samræmi við almenna málvenju. Skýra yrði lög um fjölmiðla þröngt þegar kæmi að kröfum um að fjölmiðlar væru háðir beinu eða óbeinu eftirliti stjórnvalda vegna leyfisveitinga eða skyldu til skráningar þar sem slík löggjöf kynni að fara í bága við 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Með vísan til 2. gr. stjórnarskrárinnar hafnaði stjórnandi hlaðvarpsins Ein Pæling því að Fjölmiðlanefnd hefði heimild til að mæla fyrir um í starfsreglum sínum um „tiltekin viðmið“ við mat á því hvort um fjölmiðil væri að ræða eða ekki. Nefndin væri bundin af skilgreiningu hugtaksins „fjölmiðill“ eins og það kæmi fram í lögum um fjölmiðla. Stjórnandi hlaðvarpsins byggði á því að þegar lög um fjölmiðla væru skýrð þröngt og eftir orðanna hljóðan, eins og bæri að gera þar sem skoðana- og tjáningarfrelsi nyti verndar stjórnarskrár og Mannréttindasáttmála Evrópu, yrði hlaðvarpið Ein Pæling ekki felld undir hugtakið „fjölmiðill“ og væri af þeim sökum ekki skráningarskyld hjá Fjölmiðlanefnd. Að lokum kom fram í svarerindinu að krafa um skráningu að „viðlögðum dagsektum“¹ væri auk þess í andstöðu við það markmið laga um fjölmiðla að styðja við og stuðla að tjáningarfrelsi. Áskildi stjórnandi hlaðvarpsins sér rétt til að setja fram frekari rökstuðning ef Fjölmiðlanefnd tæki boðaða og íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun gagnvart honum.

3.

Svarerindi stjórnanda hlaðvarpsins Einnar Pælingar var lagt fyrir Fjölmiðlanefnd á fundi hennar þann 6. mars 2026. Var samþykkt að gefa út uppfært frummat í málinu vegna ætlaðs brots gegn 1. mgr. 14. gr. laga um fjölmiðla og gefa stjórnanda hlaðvarpsins færi á að koma á framfæri frekari sjónarmiðum vegna málsins með vísan til svarerindisins sem barst 5. mars 2026.

Uppfært frummat var sent þann 30. apríl 2026 og þess óskað að skráning eða eftir atvikum frekari athugasemdir og sjónarmið vegna ætlaðs brots gegn 1. mgr. 14. gr. laga um fjölmiðla bærust eigi síðar en 21. maí 2026. Var móttaka á uppfærðu frummati nefndarinnar staðfest fyrir hönd stjórnanda hlaðvarpsins Einnar Pælingar. Engin svör bárust fyrir umræddan frest og var erindið því ítrekað þann 29. maí 2026. Þann 31. maí 2026 óskaði stjórnandi hlaðvarpsins eftir a.m.k. tveggja vikna fresti til að svara uppfærðu frummati nefndarinnar. Var frestur veittur út 15. júní 2026 en aftur bárust engin svör. Á fundi Fjölmiðlanefndar þann 30. júní 2026 var ákveðið að ítreka

¹ Tekið skal fram að í frummati Fjölmiðlanefndar þann 4. febrúar 2026 var ekki fjallað um dagsektir enda hefur nefndin ekki heimildir til að leggja slíkar sektir á vegna brota gegn 14. gr. laga um fjölmiðla.



FJÖLMIÐLANEFND

aftur fyrrgreint erindi og þess óskað að svör bærust eigi síðar en 30. júlí 2026. Var tekið fram að bærust Fjölmiðlanefnd ekki svör fyrir þann tíma yrði málið tekið til ákvörðunar án þess að frekari sjónarmið stjórnanda hlaðvarpsins Einnar Pælingar kæmu fram. Engin svör bárust fyrir fyrrgreindan frest en daginn eftir barst erindi frá stjórnanda hlaðvarpsins þar sem óskað var eftir enn lengri fresti til svara eða 20 virka daga til viðbótar. Fjölmiðlanefnd svaraði erindi stjórnanda hlaðvarpsins þann 4. ágúst 2026. Með vísan til umfangs málsins og fyrri samskipta taldi nefndin ekki ástæðu til að veita lengri frest til svara en þegar hafði verið gefinn. Að mati nefndarinnar hefði stjórnanda hlaðvarpsins verið veittur fullnægjandi frestur til að svara uppfærðu frummati nefndarinnar vegna brots á skráningarskyldu hlaðvarpsins Ein Pæling. Frá því að uppfært frummat var sent þann 30. apríl 2026 voru liðnar tæpar 14 vikur og hefði nefndin ítrekað veitt framlengdan frest til svara án þess að frekari sjónarmið bærust. Tók nefndin fram að næsti fundur Fjölmiðlanefndar yrði 6. ágúst 2026 og bærust ekki svör fyrir þann tíma yrði málið tekið til ákvörðunar á þeim fundi án þess að frekari sjónarmið stjórnanda hlaðvarpsins Einnar Pælingar kæmi fram. Nefndinni höfðu þegar borist andmæli við upphaflegu frummati sem sent var þann 4. febrúar 2026 og yrðu þau svör þá lögð til grundvallar við ákvörðun nefndarinnar.

Á fundi Fjölmiðlanefndar þann 6. ágúst 2026 var málið til umræðu. Þau sjónarmið sem borist höfðu við meðferð málsins frá stjórnanda hlaðvarpsins Einnar Pælingar, m.a. þann 5. mars 2026 vegna frummats nefndarinnar, breyttu ekki þeirri afstöðu nefndarinnar að með því að skrá ekki hlaðvarpið Eina Pælingu hefði stjórnandi þess brotið gegn 1. mgr. 14. gr. laga um fjölmiðla um skráningu fjölmiðla.

III. Niðurstaða Fjölmiðlanefndar

1.

Samkvæmt 3. gr. laga um fjölmiðla gilda lögin um alla fjölmiðla og fjölmiðlaveitur sem hafa staðfestu hér á landi eða miðla efni sem ætlað er almenningi hér á landi, að tekni tilliti til 4. gr. laganna. Þau gilda m.a. um allt hljóð- og myndefni í læstri eða ólæstri dagskrá, línulegri dagskrá eða eftir pöntun óháð þeirri dreifileið sem valin hefur verið.

Samkvæmt 13. tölul. 2. gr. laga um fjölmiðla er „fjölmiðill“ aðili eða lögaðili sem veitir fjölmiðlaþjónustu með reglubundnum hætti. Hugtakið „fjölmiðlaþjónusta“ er þjónusta þar sem megentilgangur eða aðskiljanlegur hluti hennar er tileinkaður miðlun á efni, undir ritstjórnarlegri ábyrgð fjölmiðilsins, til almennings í þeim tilgangi að upplýsa, fræða eða skemmta, sbr. 15. tölul.



FJÖLMIÐLANEFND

2. gr. sömu laga. Í greinargerð sem fylgdi frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla kemur fram að til fjölmiðla teljist meðal annars dagblöð og tímarit, ásamt fylgiritum þeirra, netmiðlar, hljóð- og myndmiðlar og aðrir sambærilegir miðlar. Þar kemur jafnframt fram að hugtakið „fjölmiðill“ nái til allra tegunda fjölmiðla svo framarlega sem ritstjórn sé fyrir hendi. Inntak hugtaksins „ritstjórn“ hafi því grundvallarþýðingu við mat á því hvort um fjölmiðil í skilningi laganna er að ræða. Hugtakið „ritstjórn“ felur í sér stjórn á vali og skipan þess efnis sem miðlað er, sbr. 38. tölul. 2. gr. laganna. Fjölmiðlaveita telst hafa ritstjórn á efni þegar hún hefur forræði á því efni sem miðlað er sem og skipulagningu þjónustunnar að öðru leyti. Með „fjölmiðlaveitu“ er átt við einstakling eða lögaðila sem starfrækir fjölmiðil, sbr. 14. tölul. 2. gr. laga um fjölmiðla.

Hugtakið „hlaðvarp“ er sérstaklega skilgreint í 22. tölul. 2. gr. laga um fjölmiðla sem það þegar dagskrárliðir í heild eða að hluta í formi hljóðskráa eru boðnir almenningi til niðurhals. Í athugasemdum við 2. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla kemur fram við 22. tölul. að hlaðvarp teljist til hljóðmiðlunar eftir pöntun og þarfnist ekki nánari útlistunar. Í 24. tölul. 2. gr. laganna segir að „hljóðmiðlun“ sé þjónusta sem fjölmiðlaveita bjóði og sé annars vegar hljóðvarp og hins vegar hlaðvarp eða annars konar hljóðmiðlun eftir pöntun. Í 25. tölul. 2. gr. kemur fram að „hljóðmiðlun eftir pöntun“ (ólinuleg hljóðmiðlun) sé þjónusta sem fjölmiðlaveita bjóði án tillits til þess viðtækis sem sé notað til móttöku útsendingarinnar og án tillits til þess hvort greiða þurfi fyrir efnið þannig að notandi geti hlustað á dagskrárliði í heild eða að hluta þegar hann svo kys og að sérstakri beiðni hans á grundvelli efnisskrár fjölmiðlaveitu.

Í starfsreglum Fjölmiðlanefndar nr. 238/2025 er að finna tiltekin viðmið við mat á því hvort um fjölmiðil er að ræða. Í 4. mgr. 2. gr. reglnanna segir að það sé skýr vísbending um að miðlun efnis falli undir hugtakið fjölmiðill þegar fjölmiðlaveita hefur það að atvinnu að miðla fjölmiðlaefni og ber þannig ábyrgð á ritstjórnarlegri skipan og endanlegri samsetningu fjölmiðilsins. Meðal þeirra atriða sem litið er til við mat á því hvort um fjölmiðil er að ræða er hvort fjárhagslegur ávinningur sé af starfsemi, meðal annars með miðlun viðskiptaboða og/eða áskrift að efni, hvers konar efni er miðlað og hver miðlar efninu. Í leiðbeiningum Fjölmiðlanefndar um skráningu hlaðvarpa² er sérstaklega fjallað um framangreint. Jafnframt kemur þar fram að horft sé til þess hvort hlaðvarpið sé hluti af starfsemi fjölmiðlaveitu sem er þegar skráð hjá nefndinni og hver sé útbreiðsla hlaðvarpsins og hlustun, ef þær upplýsingar liggja fyrir. Þess ber að geta að ekki er um að ræða tæmandi talningu á þeim atriðum sem Fjölmiðlanefnd lítur til við mat á því hvort um fjölmiðil er að ræða. Nefndin metur alltaf hvert tilvik fyrir sig, enda er hvorki hægt að sjá fyrir þau fjölmörgu

² Sjá bls. 5-7 í [Leiðbeiningum um skráningu hlaðvarpa hjá Fjölmiðlanefnd](#). Leiðbeiningar nefndarinnar eru hvorki almenn lög né lögskýringargagn. Þeim er fyrst og fremst ætlað að upplýsa stjórnendur hlaðvarpa og þá sem koma að framleiðslu þeirra um gildandi reglur og túlkun Fjölmiðlanefndar á þeim í samræmi við lög um fjölmiðla.



FJÖLMIÐLANEFND

atriði sem geta komið til greina við á mat því hvort um fjölmiðil er að ræða né þær nýju miðlunarleiðir og tegundir fjölmiðla sem framtíðin ber í skauti sér. Þessi nálgun endurspeglar vilja löggjafans eins og hann birtist í lögskýringargögnum með frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla.³

Í 14. gr. laga um fjölmiðla er fjallað um skráningu fjölmiðla. Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. ber að skrá alla starfsemi sem fellur undir gildissvið laganna sem ekki er leyfisskyld hljóð- og myndmiðlun hjá Fjölmiðlanefnd. Fjölmiðlaveita sem ekki stundar leyfisskylda hljóð- og myndmiðlun skal tilkynna Fjölmiðlanefnd um starfsemi sína áður en hún hefst. Rétt er að undirstrika að þótt hlaðvarp eða aðrir miðlar séu ekki skráðir hjá Fjölmiðlanefnd gilda lög um fjölmiðla samt sem áður um starfsemina uppfylli hún á annað borð skilyrði laganna. Það eitt að sinna ekki skráningarskyldu sinni leiðir því ekki til þess að starfsemin teljist undanskilin ákvæðum laga um fjölmiðla. Þetta á hvort tveggja við um þær skyldur sem á herðar þeim eru lagðar og réttindi, s.s. um vernd heimildarmanna. Þá skal tekið fram að í athugasemdum við 14. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum fjölmiðla segir að tilkynningarskylda af þeim toga sem um ræðir ætti ekki að reynast viðkomandi „mjög þungbær eða íþyngjandi miðað við þann augljósa hag sem af [skráningu] hlýst“. Skráningin er fjölmiðlaveitu að kostnaðarlausu.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. laga um fjölmiðla skal tilkynning samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laganna vera skrifleg og með upplýsingum um viðkomandi fjölmiðlaveitu, þ.m.t. heiti, kennitölu, lögheimili, netfang og vefsetur, heiti fjölmiðils eða fjölmiðla sem hún starfrækir, ábyrgðarmann, fyrirsvarsmann, ritstjórnar- eða dagskrárstefnu, kallmerki ef við á og eignarhald. Samkvæmt 4. mgr. 14. gr. ber fjölmiðlaveitu að tilkynna Fjölmiðlanefnd um allar breytingar sem kunna að verða á högum hennar og varða þær upplýsingar sem liggja til grundvallar tilkynningu hennar samkvæmt 2. mgr. 14. gr. laganna.

Framangreindar upplýsingar eru birtar á vefsíðu Fjölmiðlanefndar í samræmi við skyldu 1. mgr. 21. gr. laga um fjölmiðla. Á vefnum má finna lista yfir alla skráða fjölmiðla og fjölmiðlaveitur hjá

³ Í athugasemdum við 2. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla kemur fram við skilgreiningu hugtaksins „fjölmiðill“ að það sé vandkvæðum bundið að móta eina altæka skýringu á hugtakinu í hinu síbreytilega umhverfi fjölmiðla. Með frumvarpinu væri því lagt til að hugtakið verði skilgreint með einföldum og almennum hætti sem rúmar til framtíðar litið nýjar tegundir fjölmiðla. Til þess að teljast fjölmiðill í skilningi frumvarpsins þurfi slíkir miðlar þó alltaf að uppfylla þau grundvallarskilyrði sem fram eru sett í skilgreiningunni. Sérstaklega er tekið fram að með skilgreiningu hugtaksins „fjölmiðill“ á þessum vettvangi væri ekki ætlunin að svara í eitt skipti fyrir öll hinni viðvarandi spurningu fjölmiðlafræðinnar um hvað teljist vera fjölmiðill.



FJÖLMIÐLANEFND

nefndinni og upplýsingar um þessa aðila.⁴ Þessar upplýsingar eru gerðar aðgengilegar til að tryggja gagnsæi í eignarhaldi fjölmiðla og er skráningarskylda fjölmiðla mikilvægur liður í því. Slíkt gagnsæi gerir almenningi kleift að taka upplýsta afstöðu til þeirra upplýsinga, hugmynda og skoðana sem birtast í fjölmiðlum og er jafnframt mikilvægur þáttur í að efla lýðræðislega þátttöku og miðlalæsi almennings og tryggja fjölræði og fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði. Einnig er nauðsynlegt að almenningur hafi aðgang að upplýsingum um hver starfrækir skráða fjölmiðla og við hvern er hægt að hafa samband ef t.d. einhver telur að lögmætir hagsmunir sínir, einkum æra eða orðspor, hafi beðið tjón af því að rangt hafi verið farið með staðreyndir í fjölmiðli, sbr. 36. gr. laga um fjölmiðla. Því er mikilvægt að m.a. upplýsingar um netfang hjá fjölmiðli liggi fyrir og hver sé ábyrgðarmaður fjölmiðils og fyrirsvarsmáður fjölmiðlaveitu. Þá er skráningarskylda fjölmiðla jafnframt forsenda þess að Fjölmiðlanefnd geti gegnt eftirlitshlutverki sínu sem skyldi samkvæmt lögum um fjölmiðla enda þarf nefndin að hafa upplýsingar um og yfirlit yfir þá fjölmiðla sem lögin ná til.

2.

Við mat á því hvort brotið hafi verið gegn 1. mgr. 14. gr. laga um fjölmiðla um skráningarskyldu með því að verða ekki við beiðni Fjölmiðlanefndar um skráningu hlaðvarpsins Einnar Pælingar ber að taka afstöðu til þess hvort hlaðvarpið teljist fjölmiðill í skilningi laganna og uppfylli skilyrði 13. og 15. tölul. 2. gr. laga um fjölmiðla um skilgreiningu á hugtakinu fjölmiðill og fjölmiðlaþjónusta, sem fjallað var um í kafla III.1 hér á undan. Við matið þurfa eftirfarandi skilyrði að vera uppfyllt, sbr. það sem kemur fram í 13. og 15. tölul. 2. gr. laga um fjölmiðla:

1. efnið þarf að lúta ritstjórn
2. efnið þarf að vera miðlað með reglubundnum hætti
3. efninu þarf að vera miðlað til almennings
4. efninu þarf að vera miðlað í þeim tilgangi að upplýsa, fræða eða skemmta

Þá er meðal annars litið til þess hvort fjárhagslegur ávinningur sé af starfseminni, t.d. með miðlun viðskiptaboða og/eða áskrift að efni, hvers konar efni er miðlað og hver miðlar efninu, ásamt fleiri atriðum, eins og áður hefur komið fram. Fjölmiðlanefnd metur hvert tilvik fyrir sig og geta hlaðvörp og aðrir miðlar fallið undir lög um fjölmiðla uppfylli þeir skilyrði þeirra.

⁴ Sjá á [vef Fjölmiðlanefndar](#). Fjölmiðlanefnd er skylt að halda skrá yfir þá aðila sem tilkynnt hafa starfsemi sína til nefndarinnar, sbr. d-lið 2. mgr. 10. gr. laga um fjölmiðla og athugasemdir við þá grein í frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla.



FJÖLMIÐLANEFND

Um það hvort hlaðvörp geti talist fjölmiðlar í skilningi laga um fjölmiðla hefur verið fjallað í dómum héraðsdómstóla. Í *Hérd. Rvk. 31. mars 2023 (E-4425/2022) (Eigin Konur)* kom m.a. fram að „við úrlausn málsins [bæri] að horfa til þess að hlaðvarpið, sem stefnda stjórnaði og ritstýrði, [teldist] vera fjölmiðill í skilningi laga nr. 38/2011, sbr. 13. tölulið 2. gr. laganna, og [félli] undir gildissvið 3. gr. laganna“. Í *Hérd. Reykn. 18. október 2022 (E-1699/2021) (The Mike Show)* kom m.a. fram að „hlaðvörp [gætu] í eðli sínu talist fjölmiðlar“, sbr. skilgreiningar hugtakanna fjölmiðill í 13. tölul. 2. gr. laga um fjölmiðla og ritstjórn í 35. tölul. (nú 38. tölul.) 2. gr. sömu laga. Með breytingalögum nr. 27/2024 var skilgreining hugtaksins „fjölmiðill“ stytt og það tengt við hugtakið „fjölmiðlaþjónusta“, sbr. skilgreiningar þeirra hugtaka í nágildandi lögum.

3.

Hlaðvarpið Ein Pæling er hlaðvarp sem fjallar um „samfélag, stjórnsmál og menningu“⁵ þar sem rætt er „hispurslaust um erfið málefni“⁶. Í svarerindi stjórnanda hlaðvarpsins þann 5. nóvember 2025 kemur fram að þættir hlaðvarpsins séu skoðanapistlar eða viðtöl þar sem skoðanir stjórnanda koma fram í samtali við aðra. Gestir þáttarins koma úr ýmsum áttum og er m.a. rætt við ráðherra, þingmenn, bæjarstjóra, forstjóra, framkvæmdastjóra, blaðamenn og rithöfunda.

Það er mat Fjölmiðlanefndar að með því að ákveða um hvað er rætt í hverjum þætti hlaðvarpsins stjórnari þáttastjórnandi vali á efnistöfum. Þá velur hann eftir atvikum viðmælendur og stýrir umræðunni í viðtalsþáttum. Verður ekki annað séð en að stjórnandi hlaðvarpsins Einnar Pælingar fari með forræði á því efni sem miðlað er, stjórn á vali og skipan þess þó að efninu sé dreift á Spotify og annars staðar. Lög um fjölmiðla gilda um allt hljóð- og myndefni í læstri eða ólæstri dagskrá, línulegri dagskrá eða eftir pöntun óháð þeirri dreifileið sem valin hefur verið, sbr. 3. gr. laganna.

Að framangreindu virtu er það mat Fjölmiðlanefndar að hlaðvarpið Ein Pæling lúti ritstjórn. Tekið skal fram að með hugtakinu „ritstjórn“ í framangreindum skilningi er ekki átt við að eiginleg ritstjórn starfi á viðkomandi miðli þar sem teknar eru sameiginlegar ákvarðanir um efnistöf og fleira. Lög um fjölmiðla gera t.a.m. ráð fyrir því að á fjölmiðli geti starfað aðeins einn aðili og að fjölmiðlaveita geti verið einstaklingur, sbr. 14. tölul. 2. gr. laga um fjölmiðla.

⁵ <https://einpaeling.is/>

⁶ <https://pardus.is/einpaeling>



FJÖLMIÐLANEFND

Nýir þættir af hlaðvarpinu Einni Pælingu birtast yfirleitt nokkrum sinnum í viku og eru þeir gerðir aðgengilegir endurgjaldslaust á Spotify, Apple Podcasts, YouTube og með öðrum dreifileiðum. Jafnframt er efni hlaðvarpsins aðgengilegt á vefsíðu þess en þar, og í gegnum þjónustu Pardus, er hægt að gerast áskrifandi að hlaðvarpinu gegn gjaldi og fá áskrifendur m.a. aðgang að þáttum án auglýsinga og aðgang að þáttum á undan öðrum sem hlusta án áskriftar. Af framangreindu leiðir að efni hlaðvarpsins telst miðlað með reglubundnum hætti og miðlað til almennings hér á landi en efnið er á íslensku. Auk þess verður ekki annað séð en að efni hlaðvarpsins sé miðlað í því skyni að upplýsa, fræða eða skemmta.

Hlaðvarpið Ein Pæling er í samstarfi við ýmis fyrirtæki. Eru þau m.a. talin upp í byrjun þátta eða sérstök athygli vakín á þeim í auglýsingahléum. Hægt er að gerast áskrifandi að hlaðvarpinu fyrir 990 kr. á mánuði og eru áskrifendur „stærsta staka tekjulind“ hlaðvarpsins⁷. Jafnframt kemur fram á t.d. Spotify að hægt sé að styrkja hlaðvarpið með frjálsum framlögum og er númer bankareiknings í eigu Einnar Pælingar ehf. gefið upp. Af framangreindu má ljóst vera að fjárhagslegur ávinningur er af starfsemi hlaðvarpsins.

Samkvæmt öllu framansögðu er það mat Fjölmiðlanefndar að hlaðvarpið Ein Pæling uppfylli skilyrði þess að teljast fjölmiðill í skilningi laga um fjölmiðla.

4.

Í svarerindi stjórnanda hlaðvarpsins Einnar Pælingar sem barst Fjölmiðlanefnd þann 5. mars 2026 er m.a. á því byggt að stjórnandi hlaðvarpsins sé „persónulega ekki fjölmiðlaþjónustuveitandi“ í skilningi „15. tölul.“ 2. gr. laga um fjölmiðla og hlaðvarpið teljist ekki fjölmiðill í skilningi 13. tölul. 2. gr. laganna.

Varðandi hugtakið „fjölmiðlaþjónustuveitandi“ þá var það upprunalega í frumvarpi til laga um fjölmiðla en því var breytt í meðförum þingsins í „fjölmiðlaveita“.⁸ Skilgreining hugtaksins hélt sér hins vegar óbreytt. Eins og áður hefur komið fram er fjölmiðlaveita „einstaklingur eða lögaðili“ sem starfrækir fjölmiðil, sbr. 14. tölul. 2. gr. laga um fjölmiðla. Telur Fjölmiðlanefnd mikilvægt að árétta það að lög um fjölmiðla gera ráð fyrir því að einstaklingar geti talist vera fjölmiðlaveitur og eru þó nokkrir skráðir hjá nefndinni.⁹

⁷ Sbr. upplýsingar sem koma fram í 509. þætti hlaðvarpsins.

⁸ Sbr. [nefndarálit meiri hluta menntamálanefndar, þskj. 1111 - 198. mál., 139. löggjafarþing 2010–2011](#).

⁹ Finna má lista yfir skráða fjölmiðla og fjölmiðlaveitur á [vef Fjölmiðlanefndar](#).



FJÖLMIÐLANEFND

Hvað varðar hugtakið „fjölmiðill“ í 13. tölul. 2. gr. laga um fjölmiðla er sérstaklega vísað til þess í svarerindinu að í ákvæðinu megi finna upptalningu á því hvaða miðlar teljast til fjölmiðla, þ.e. „dagblöð og tímarit, ásamt fylgiritum þeirra, netmiðlar, hljóð- og myndmiðlar og aðrir sambærilegir miðlar“¹⁰ og að sameiginlegt væri með öllum þeim fjölmiðlum sem taldir væru upp í ákvæðinu að þeir hafi fast skipulag og fjölda starfsmanna sem sinna fréttum, fréttatengdu efni og eiga að njóta sjálfstæðis í störfum, sbr. 24. gr. laga um fjölmiðla um ritstjórnarlegt sjálfstæði. Í þessu samhengi skal tekið fram að þó að 24. gr. laga um fjölmiðla geti samkvæmt orðanna hljóðan aðeins átt við um fjölmiðla með fleiri en einn starfsmann sem sinna fréttum og fréttatengdu efni hefur það ekki áhrif á inntak hugtakanna „fjölmiðill“ og „fjölmiðlaveita“ í skilningi laga um fjölmiðla. Eins og áður hefur verið vikið að gera lögin ráð fyrir því að sá sem starfrækir fjölmiðil geti verið einstaklingur. Það er ekki skilyrði samkvæmt lögum um fjölmiðla að á miðli starfi tiltekinn fjöldi starfsmanna eða að starfsemin hafi náð ákveðinni stærð til að teljast fjölmiðill í skilningi laganna. Uppfylli miðill skilyrði þeirra, sbr. m.a. það sem kemur fram í 13. og 15. tölul. 2. gr. laga um fjölmiðla, og áður hefur verið rakið, fellur hann undir lögin.

Eins og kemur fram í 3. gr. laga um fjölmiðla gilda lögin um allt hljóð- og myndefni í læstri eða ólæstri dagskrá, línulegri dagskrá eða eftir pöntun óháð þeirri dreifileið sem valin hefur verið, svo framarlega sem skilyrði laganna eru uppfyllt. Í þessu felst að hljóðvarps- eða sjónvarpsrásir eða önnur fjölmiðlaþjónusta undir ritstjórnarábyrgð fjölmiðlaveitu getur talist vera fjölmiðlaþjónusta og þar af leiðandi fjölmiðill, þó svo að þjónustan sé veitt á öðrum vettvangi, t.d. á vef eða á mynddeiliveitu, sem ekki lýtur ritstjórnarlegri ábyrgð og er því ekki fjölmiðill. Hér er átt við þegar aðili eða lögaðili nýtir sér þjónustu, eins og t.d. Spotify, YouTube, Facebook eða Instagram til að dreifa fjölmiðlaefni sínu. Uppfylli slík miðlun önnur skilyrði laga sem eiga við í þessu sambandi telst hún til fjölmiðlaþjónustu í skilningi laga um fjölmiðla, sbr. athugasemdir við 2. og 3. gr. í frumvarpi til laga nr. 27/2024 um breytingu á lögum um fjölmiðla. Jafnframt gilda lög um fjölmiðla um allt ritefni hvort sem því er miðlað á prentuðu eða öðru sambærilegu formi eða með rafrænum hætti. Auk þess gildir V. kafli A laganna um mynddeiliveitur sem hafa staðfestu hér á landi eða miðla efni sem ætlað er almenningi hér á landi.

¹⁰ Upptalninguna er ekki lengur að finna í ákvæðinu, enda tók það breytingum með breytingalögum nr. 27/2024, sbr. umfjöllun um hugtakið í kafla III.1. Þeir miðlar sem taldir voru upp í dæmaskyni í ákvæðinu teljast enn til fjölmiðla í skilningi laga um fjölmiðla uppfylli þeir skilyrði þeirra.



FJÖLMIÐLANEFND

5.

Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða Fjölmiðlanefndar að hlaðvarpið Ein Pæling sé fjölmiðill í skilningi laga um fjölmiðla sem beri að skrá sérstaklega hjá nefndinni samkvæmt 14. gr. laganna. Jafnframt er það niðurstaða nefndarinnar að með því sinna ekki skráningarskyldu sinni hafi stjórnandi hlaðvarpsins brotið gegn 1. mgr. 14. gr. laga um fjölmiðla um skráningu fjölmiðla.

Samkvæmt a-lið 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla leggur Fjölmiðlanefnd stjórnvaldssektir á fjölmiðlaveitur vegna brota gegn 14. gr. um að skráningarskyld starfsemi fari ekki fram án tilkynningar. Á það skal bent að ákvæði 14. gr. laga um fjölmiðla felur í sér skýran áskilnað um skyldu fjölmiðlaveitna, sem falla undir gildissvið laganna, til að tilkynna Fjölmiðlanefnd um starfsemi fjölmiðla með skriflegum hætti. Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort brot eru framin af ásetningi eða gáleysi, sbr. 4. mgr. 55. gr. laganna. Samkvæmt 5. mgr. 54. gr. laganna geta sektir numið allt að 10 millj. kr. Við ákvörðun sektar skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots og tekna fjölmiðlaveitu af broti þegar það á við. Falla má frá sektarákvörðun teljist brot óverulegt eða af öðrum ástæðum er ekki talin þörf á beitingu sekta, sbr. 1. málsl. 6. mgr. 54. gr. Í slíku tilviki er Fjölmiðlanefnd heimilt að ljúka málsmeðferð með útgáfu álits sem birt er á heimasíðu hennar. Brot gegn ákvæði 14. gr. laga um fjölmiðla geta einnig varðað refsingu samkvæmt a-lið 1. mgr. 56. gr. laganna ef sakir eru miklar.

Með vísan til framangreindrar niðurstöðu hefur Fjölmiðlanefnd ákveðið að leggja stjórnvaldssekt á stjórnanda hlaðvarpsins Einnar Pælingar í samræmi við a-lið 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla. Telur Fjölmiðlanefnd hæfilegt að sektin nemi 500.000 kr. Við ákvörðun sektarfjárhæðar var litið til eðlis brotsins og atvika máls.



FJÖLMIÐLANEFND

IV. Ákvörðunarorð

Þórarinn Hjartarson, stjórnandi hlaðvarpsins Einnar Pælingar, braut gegn 1. mgr. 14. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 með því að sinna ekki skráningarskyldu hlaðvarpsins.

Þórarinn Hjartarson greiði 500.000 kr. í stjórnvaldssekt.

Einar Hugí Bjarnason

María Rún Bjarnadóttir

Erla Skúladóttir

Róbert H. Haraldsson